

Föstudaginn 21. september 1990.

Nr. 334/1990. **M**

gegn

F.

Kærumál. Börn. Innsetningargerð. Varðhald. Frávisun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 13. þ.m., samkvæmt heimild í 3. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 21. ágúst sl., í málinu nr. B 17/1990, F gegn M, og er hann án forsendna, en úrskurðarorð hljóðar svo:

„Gerðarþoli skal sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum, þar til hún hefur upplýst um hvar barnið B er niður komið.“

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu varnaraðila hafa ekki komið fram kröfur eða greinargerð.

Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 21. ágúst sl. í ofangreindu máli af Valtý Sigurðssyni borgarfógeta og meðdómsmönnunum Páli Ásgeirssyni yfirlækni og Sigurjóni Björnssyni prófessor, var tekin til greina krafa varnaraðila þess efnis, að barnið B, dóttir hans og sóknaraðila, yrði tekið úr umráðum sóknaraðila með innsetningargerð og umráðin fengin varnaraðila. Í réttarhaldi sama dag fyrir Helgu Jónu Benediktsdóttur, fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík, óskaði umboðsmaður varnaraðila þess, að úrskurðinum yrði fullnægt, og var sóknaraðili krafinn upplýsinga um það, hvar barnið væri að finna. Mótmælti sóknaraðili framgangi gerðarinnar og kvaðst ekki mundu segja til um dvalarstað barnsins. Jafnframt hafði hún uppi þá mótbáru, að varnaraðili væri ekki sjálfur viðstaddur til að taka á móti barninu.

Að kröfu umboðsmanns varnaraðila kvað fógetafulltrúinn upp

hinn kærða úrskurð í þessu sama réttarhaldi, og var rétturinn síðan fluttur í skrifstofur lögreglustjóraembættisins við Hverfisgötu í Reykjavík. Segir í fógetaabók, að sóknaraðili hafi þar verið leiddur fyrir lögregluvarðstjóra og færður í fangageymslur. Til þess kom þó ekki, að hún yrði vistuð í varðhaldi, eftir því sem segir í neðangreindri bókun réttarins.

Hinn 10. þ.m. hélt fógetafulltrúinn síðan dómþing í málinu að viðstöddum umboðsmanni varnaraðila, þar sem eftirfarandi var fært til bókar:

„Þann 21. ágúst sl. var kveðinn upp úrskurður í fógetarétti Reykjavíkur þess efnis að M skyldi sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum þar til hún upplýsti um hvar barnið B væri niður komið. Til vistunar kom ekki.

Þann 8. september sl. var það upplýst í fógetaréttinum að barnið væri statt hjá gerðarþola að

Þar sem nú liggur fyrir hvar barnið er niður komið, þykir ekki vera þörf á því þvingunarúrræði sem úrskurður um varðhald er.

Úrskurðurinn er því felldur úr gildi.“

Sóknaraðili sætti ekki varðhaldsvist eftir hinum kærða úrskurði, sem hefur verið felldur úr gildi. Hefur hún ekki lögvarða hagsmuni af, að hæstaréttardómur gangi nú um gildi úrskurðarins. Þegar af þeirri ástæðu verður þessu kærnumáli vísað frá Hæstarétti.

Það athugast, að rétt hefði verið að láta forsendur fylgja hinum kærða úrskurði, sbr. 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þá lét héraðsdómari undan fallast að senda Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrskurðinum við kærana til Hæstaréttar, svo sem mælt er um í 2. mgr. 190. gr., sbr. 238. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 23. gr. og 27. gr. laga nr. 54/1988.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. ágúst 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 21. ágúst, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Kambsvogi 1 og haldinn þar af Helgu Jónu Benediktsdóttur, fulltrúa yfirborgarfógeta, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið B 17/1990: F gegn M.

Skjöl málsins liggja frammi.

Fyrr í dag var kveðinn upp úrskurður í réttinum þess efnis, að gerðarbeiðanda yrðu fengin með innsetningargerð umráð barnsins B, sem nú er í umsjá gerðarþola.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Gisli Baldur Garðarsson hrl. og krefst þess, að úrskurðarorði verði fullnægt.

Gerðarþoli er mættur ásamt Pétri Gunnlaugssyni lögfræðingi.

Hún mótmælir framgangi gerðarinnar.

Aðspurð kveðst hún ekki upplýsa um dvalarstað barnsins B.

Hún krefst þess, að faðir barnsins sé til staðar til að taka á móti barninu. Upplýst er, að bróðir gerðarbeiðanda, X, taki barnið í sína umsjá, er innsetning fer fram.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda er kveðinn upp úrskurður skv. 37. gr. aðfl. 19/1887, þar sem gerðarþoli neitar að gefa upplýsingar.

Er nú kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r :

Gerðarþoli skal sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum, þar til hún hefur upplýst um, hvar barnið B er niður komið.